

Fyrir *Mágusartíðindi* 17. febrúar 2017.
Þorvaldur Gylfason.

Hylli, snilld og viðskiptavit

Á engan mun hallað þótt sagt sé að Chaplin, brezki leikarinn, hafi um sína daga öðlazzt meiri hylli um heiminn en nokkur annar maður fyrr eða síðar. Margir aðrir listamenn hafa náð mikilli hylli, rétt er það, en hún er jafnan bundin við afmarkaðan hóp aðdáenda. Sama á við um fræga íþróttamenn, stjórnmálamenn og vísindamenn. Hylli Chaplins, einkum frá 1915 og fram yfir 1935, var annars eðlis. Hún var almenn. Allir þekktu Chaplin.

Með hraðlest frá örbirgð til allsnægta

Hann hét fullu nafni Charles Spencer Chaplin, fæddist 1889 í leikhúshverfi í London, ólst þar upp í nístandi fátækt og byrjaði sjálfur að leika barn að aldri. Hann missti föður sinn, söngvara, úr drykkjusýki tólf ára gamall og móður sína, saumakonu, á geðveikrahæli tveim árum síðar og stóð þá einn uppi ásamt litlu eldri hálfbróður.

Fyrir tvítugt fór Chaplin og þeir bræðurnir til Kaliforníu. Fyrsta kvikmyndasamninginn gerði hann 1913 og fékk skv. honum 150 dali á viku. Það jafngildir rösklega 400.000 kr. á viku í dag. Árið eftir gerði hann samning við annað félag og fékk þá 1.250 dali á viku auk 10.000 dala við undirskrift. Það jafngildir um 3,3 mkr. á viku eða 14 mkr. á mánuði miðað við verðgildi peninga í dag fyrir utan eingreiðsluna sem var 27 mkr. virði. Næsti samningur skilaði honum 670.000 dölum á ári eða 1,8 makr. á okkar verðlagi. Þetta var 1915. Chaplin var þá orðinn fyrsta heimsstjarna kvikmyndanna. Búðirnar voru fullar af varningi sem tengdist honum. Hann þurfti aldrei að hafa fjárhagsáhyggjur upp frá því. Hann gerði vel við samstarfsmenn sína sem sýndu honum tryggð á móti. Bróðir hans hjálpaði til við fjármálin. Hann sótti móður sína og kom henni í skjól nálægt sér í Kaliforníu.

Árin 1914-1916 gerði Chaplin 63 stuttmyndir fyrir félögin þrjú sem hann hafði samið við, stundum eina mynd á viku. Hálfþrítugur var hann orðinn hæst launaði listamaður heimsins. Hann tryggði sér full yfirráð yfir verkum sínum frá upphafi til enda og gerði allt sjálfur, samdi m.a.s. tónlistina við allar myndir sínar sem hann tónsetti sumar áratugum síðar. Sonur hans einn sagði síðar að hann hefði einnig saumað búningana hefði hann getað.

Í flestum stuttmyndanna lék hann geðfelldan flæking sem tók öllu mótlæti af æðruleysi og bræddi hjörtu áhorfenda með því að lifa eftir boðorði Chaplins sjálfs sem var þetta: Það bezta sem menn gera sjálfum sér er að gera öðrum gott. Stuttmyndirnar lengdust og náðu sumar því sem við köllum nú fulla lengd, þar á meðal *Borgarljós* (*City Lights*, 1931). Þar segir frá blindri blómasölustúlku sem uppgötvar í leiklok að auðmaðurinn sem hún hélt að hefði keypt handa henni aðgerðina sem færði henni sjónina var í reyndinni umkomulaus flækingur. Þessa mynd hélt Chaplin sjálfur mest upp á af myndum sínum.

Halldór Laxness fylgdist með Chaplin úr návígi í Kaliforníu 1927-1928. Hann sagði nokkrum árum síðar um *Borgarljós*: „Ég held það sé eitthvert sólídasta listaverk, sem ég hef nokkurn tímann séð. Það er afskaplega sterkt bygt og útfærslan blátt áfram guðdómleg.“ (Halldór Guðmundsson, *Halldór Laxness: Ævisaga*, 2004, bls. 290.)

Chaplin var á hálum ís þar eð fyrsta talmyndin kom fram 1927. Hann vissi þó að hann gat ekki leyft flækingnum að tala því þá myndi hann gerbreystast og eiga á hættu að missa trúnað áhorfenda. Hann varð að halda áfram að þegja. Þögnin varð svolítið vandræðaleg. Chaplin ætlaði að hrista af sér viðjarnar og færa sig upp á skaftið með því að gera *Núttímann* (*Modern Times*, 1936), rammpólitíska mynd um ógnina sem vinnandi fólki stafar af

[Type here]

vélvæðingu. Í miðjum klíðum sá hann að hann þurfti flækinginn til að koma sögunni til skila og ákvað því að hafa myndin þögla eftir allt saman – níu árum eftir frumsýningu fyrstu talmyndarinnar. En eins og til að binda hendur sínar lét hann flækinginn syngja í lokaatriði myndarinnar. Þá heyrðu bíógestir rödd Chaplins í fyrsta sinn.

Pólítík og ofsóknir

Nú varð ekki aftur snúið. Geðfelldi, fínlegi, lágvaxni flækingurinn (163 cm) heyrði sögunni til. Næsta mynd Chaplins var *Einræðisherrann* (*The Great Dictator*, 1940), botnlaust grín um Adolf Hitler og hyski hans. Chaplin leikur tvö hlutverk í myndinni, annars vegnar þýzkan rakara, gyðing, sem minnir á flækinginn góða, og hins vegar tvífara gyðingsins, skrumskældan Hitler. Kveikjan að gríninu var sumpart sú að Hitler og Chaplin voru jafnaldrar næstum upp á dag og nauðalíkir í útliti; sumir telja að Hitler hafi hermt yfirvararskegg sitt eftir Chaplin.

Myndinni lýkur með innblásinni fimm mínútna ræðu Chaplins þar sem hann stígur út úr hlutverki gyðingsins og lýsir eftir skipbroti fasismans, bræðralagi og friði. Myndin var frumsýnd áður en Japanar réðust á Pearl Harbor, þ.e. áður en Bandaríkjamenn drógust inn í styrjöldina. Skilningurinn á því sem var að gerast í Evrópu var ekki meiri en svo í Bandaríkjunum að ræða Chaplins í leikslök mæltist misvel fyrir þar, sums staðar beinlínis illa. Það mæltist einnig illa fyrir síðar að Chaplin hélt ræður á fundum þar sem hann m.a. þakkaði Rússum fórnfúst framlag þeirra sem bandamanna Bandaríkjamanna og Breta í stríðinu við nasista. Sumir spurðu hvort Chaplin væri kommúnisti.

Alríkislögreglan FBI setti Chaplin undir smásjá en hafði ekkert á hann annað en að hann hafði gifzt ungum konum, síðast Oonu O'Neill, 18 ára gamalli dóttur Eugenés O'Neill, fremsta leikskálds Bandaríkjanna, en Chaplin var þá 54ra ára; hjónabandið entist til æviloka Chaplins, þau eignuðust átta börn, en Chaplin átti fyrir tvo syni af fyrra hjónabandi. Löggan gerði sér sérstakan mat úr barnsfaðernismáli geðveikrar konu á hendur Chaplin þótt sannað væri að hann væri ekki faðir barnsins sem um var að ræða. Þarna var J. Edgar Hoover, forstjóri FBI, í essinu sínu. Um svipað leyti var sami Hoover gerður út að undirlagi íslenzkra stjórnvalda eins og til að tryggja að bækur Halldórs Laxness yrðu ekki framar gefnar út í Bandaríkjunum, en *Sjálfstætt fólk* hafði verið metsölubók þar vestra. Fjártjón Halldórs af þeim völdum var gríðarlegt að ætla má.

Meðferð lögreglunnar á Chaplin átti sinn þátt í því að hann sá enn minni ástæðu en ella til að halda stjórn málaaskoðunum sínum til hlés í myndum sínum. Næsta mynd hans *Monsieur Verdoux* (1947) var uppgjör við kreppuna miklu frá óvenjulegu sjónarhorni. Myndin segir frá bankamanni sem missir vinnuna og grípur til þess ráðs að myrða stöndugar ekkjur til að tryggja viðurværi fatlaðrar eiginkonu sinnar og ungs sonar. Chaplin skildi að til þess að ráðast gegn rötum kreppunnar á hvíta tjaldinu þurfti að fara óvæntar leiðir. Woody Allen var á svipuðum slóðum þegar hann gerði mynd sína um bankakreppuna *Blue Jasmine* (2013) þar sem skúrurinn er eiginkonan sem kjaftaði um bankamanninn, bónda sinn, ekki bankamaðurinn sjálfur. Mynd Chaplins um kreppuna var illa tekið; hún var bönnuð í Memphis og fékkst ekki sýnd aftur jafnvel í New York fyrr en 1964 og dró enn úr hylli hans í Bandaríkjunum.

Næsta mynd Chaplins var *Sviðsljós* (*Limelight*, 1952). Chaplin var ekki meiri ákafamaður í stjórn mála en svo að nú var öll pólítík fokin út í veður og vind. Myndin fjallar um gamlan

[Type here]

trúð sem finnst hann vera að missa fótanna og unga ballettdansmey sem styður hann í raunum hans. Myndina má skilja sem tregafulla lýsingu á dvínandi hylli Chaplins sjálfs í heimalandi sínu, Bandaríkjunum, og einnig sem lýsingu á erfiðu hlutskipti foreldra hans og annarra skemmtikrafta í London undir lok Viktoríutímans um aldamótin 1900.

Chaplin sigldi ásamt konu sinni og börnum frá Kaliforníu til London til að sjá heimsfrumsýningu myndarinnar þar, en hennar beið sniðganga heima fyrir. Honum barst skeyti um borð í skipið þar sem honum var tilkynnt að hann hefði verið sviptur leyfi til að snúa aftur til heimalands síns nema hann kæmi fyrst til yfirheyrslu um stjórnmalaskoðanir hans og siðferði. Hann ákvað þá þegar að snúa ekki aftur. Fjölskyldan tók sér bólfestu í Sviss og bjó þar hamingjusamlega æ síðan. Hann átti eftir að gera tvær myndir enn.

Næstsíðasta myndin hans, *Kóngur í New York (A King in New York, 1957)*, er uppgjör við kommúnistaofsóknir McCarthy-áranna ásamt stólpagríni um ýmsa þætti bandaríks þjóðlífs, m.a. andlitslyftingar og auglýsingabransann. Chaplin hafði áhuga á efnahagsmálum, hafði m.a. hitt John Maynard Keynes og rökrætt við hann. Hann var vel kunnugur flestum andans mönnum um sína daga eins og hann vitnar um í sjálfsævisögu sinni sem kom út 1964. Albert Einstein, höfundur afstæðiskenningarinnar, var vinur hans. Grín Chaplins um auglýsingabransann 1957 er í góðu samræmi við lýsingu Johns Kenneths Galbraith á gervipörfum í bók sinni *The Affluent Society* (1952). Myndin var ekki sýnd í Bandaríkjunum fyrr en 1973. Sumum fannst gæta beizkju í myndinni, beizkju sem drægi úr áhrifamætti boðskaparins. Chaplin kannaðist ekki við beizkjuna.

Síðasta mynd Chaplins, *Greifynja frá Hong Kong (A Countess from Hong Kong, 1967)*, var fyrsta litmyndin hans fyrir breiðtjald, nú með Marlon Brando og Soffíu Loren í aðalhlutverkum auk Chaplins sjálfs, þægileg mynd, en þótti standa langt að baki fyrri myndum hans. Sagt var að Brando hefði ekki látið vel að leikstjórn gamla mannsins. Handritinu hafði Chaplin legið á frá 1930. Honum sárnuðu dræmar undirtektir bíógesta og gagnrýnenda.

Hann dó sæll og ríkur

Engum getur dulizt að Chaplin er einn mesti snillingur kvikmyndanna frá upphafi. Hann er sá eini sem tókst að teygja sig úr þöglum myndum yfir í talmyndir og gera enn betri og beittari myndir á nýjum vettvangi. Lykillinn að hyllinni og snilldinni er að flestar myndir Chaplins eru rammpólítískar, þrungnar ágengum boðskap, svo ágengum að bandarísk stjórnvöld töldu sig þurfa að ofsækja hann langtímum saman blásaklausan.

Bretar öðluðu Chaplin 1975 og Bandaríkjamenn veittu honum Óskarsverðlaun (heiðursverðlaun) 1972 þar sem hann uppskar lengsta lófatak í sögu verðlaunanna. Honum voru síðan aftur veitt Óskarsverðlaun árið eftir fyrir tónlistina í *Sviðsljósi* þegar hún var endursýnd 20 árum eftir frumsýninguna. Hann hafði áður fengið tilnefningar fyrir *Einræðisherrann* og *Monsieur Verdoux* en þó ekki verðlaun. Á efri árum tónsetti hann margar myndirnar frá fyrstu árunum í Hollywood og talsetti t.d. *Gullæðið (Gold Rush, 1925)*, þ.e. las inn á filmuna textann sem áður hafði birzt á tjaldinu og meira til. Myndirnar hans urðu alls 82.

Viðskiptavitið var ótvírætt og óbrigðult. Chaplin skildi snemma að hann þurfti að öðlast fullt sjálfstæði gagnvart kvikmyndasamsteypunum. Auðurinn sem safnaðist að honum ungum manni í Kaliforníu gerði honum kleift að gefa sér langan tíma til að gera hverja

[Type here]

mynd frá 1923 og áfram. Frá 1923 til 1967 gerði hann tíu myndir, þ.e. eina mynd á 4ra og hálfis árs fresti. Áður en Kreppan mikla skall á 1929 hafði hann flutt bréfin sín til Kanada og Suður-Afríku og tapaði engu sjálfur.

Hann andaðist á jóladag 1977, 88 ára, sterkefnaður, umkringdur ungri eiginkonu og átta börnum þeirra í Sviss. Kannski væri minning hans sveipuð enn meiri ljóma hefði hann dáið bláfátækur úr drykkjusýki eins og faðir hans. Chaplin drakk hvorki né veitti vín í veizlum sínum þótt hann léki ölvaða menn af mikilli snilld og m.a.s. fanga í kókaínvímu.

